

Við aukaendurskoðun samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar, skal kveðja til þann 93
 fulltrúa endurskoðunarnefndar, sem B.S.R.B. hefur tilnefnt. 6. júlí

Á símsstöðvum á gisti- og veitingastöðum beri þeir að verulegu leyti kostnað
 við símaafgreiðslu vegna gesta sinna.

9. gr.

Þóknun fyrir rekstur 3. flokks símsstöðva sé sem hér segir:

1. Föst ársþóknun, er nemi:

a. Til stöðva, sem hafa	0—400 útf. afgr.	kr. 120.00
b. — — — —	401—1000 — —	— 240.00
c. — — — —	1001—1800 — —	— 360.00
d. — — — —	yfir 1800 — —	— 480.00

 miðað við afgreiðslufjölda næstliðins árs.
2. 35 auro fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum og hvert útfarið símskeyti (önnur en þjónustu- og veðurskeyti).
3. Fyrir hvern símnotanda kr. 12.00 á ári.

10. gr.

Á launagreiðslur samkvæmt reglugerð þessari greiðist verðlagsuppbót, eins og
 hún er ákveðin á hverjum tíma.

11. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. apríl 1949 að öðru leyti en breyting á starfstíma
 stöðvanna, er öðlast gildi, þegar nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar þar
 að lútandi.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð um sama efni frá 24. maí 1946.

Samgöngumálaráðherrann, 6. júlí 1949.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 61 18. júlí 1928.

94

7. júlí

1. gr.

VII. kafli, 22. gr., b- og c-liðir hafnarreglugerðarinnar, orðist svo:

- b. Innland fiskiskip greiði 20 auro fyrir hverja smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 4 krónur.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, er sannast í sjóprófi, skulu greiða 30 auro í lestagjald fyrir hverja smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 6 krónur.

Strandferðaskip ríkisins greiði þó einungis 15 auro fyrir hverja nettósmálest og án viðbótargjalds.

2. gr.

VIII. kafli, 27. gr., a-liður orðist svo:

- a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við hölvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju eða hölvirki, skal greiða bryggjugjald 12 auro af nettósmálest skipsins. Hálf smálest reiknast sem heil, en minna broti sé sleppt.

94
7. júlí

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring, sama af smálest, þó aldrei minna en 6 krónur.
Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið 7. júlí 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

95

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1948.

Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári:			
a. Skuldabréf	kr.	21300.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	96874.21	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	31340.45	
			kr. 149454.66
2. Gjafir	—		295.00
3. Vextir á árinu:			
a. Af skuldabréfum	kr.	1775.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	4647.07	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	525.35	
			— 6947.42
			Kr. 156697.08

Gjöld:

1. Styrkur veittur	kr.	100.00	
2. Eign í árslok:			
a. Skuldabréf	kr.	20300.00	
b. Veðbréf	—	28500.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	101461.28	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	6335.80	
			— 156597.08
			Kr. 156697.08

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 25. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.